



KÓPAVOGSBÆR
Bæjarritari

Alþingi
Erindi nr. P 128/1079
komudagur 19.2.2003

Kópavogi, 14. febrúar 2003

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Kirkjustræti
101 Reykjavík

Á fundi Bæjarráðs Kópavogsbæjar 13. febrúar sl. var lögð fram meðfylgjandi umsögn bæjarritara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum um rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.

Umsögnin var samþykkt og vísað til félagsmálanefndar Alþingis til kynningar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Ólafur Briem
bæjarritari



KÓPAVOGSBÆR
Bæjarritari
Bæjarráð Kópavogs.

SKJALASAFN

14 FEB. 2003

KÓPAVOGSBÆR
Bæjarskjalavörður

13. febrúar 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr 81/1991, með síðari breytingum um rekstrarform, arðgreiðslur og fl.

Á fundir bæjarráðs 6/2 sl. var var ofngreindu frumvarpi, sem barst frá Félagsmálanefnd Alþingis vísað til bæjarritara til umsagnar. Frumvarpið var flutt á síðasta þingi en var ekki afgreitt og er því endurflutt nú og nokkuð breytt vegna athugasemda sem um það bárust þá. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Jafnframt er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Loks miða breytingarnar að því að hindra eftir megni soun neysluvatns.

Í frumvarpinu er kveðið á um að sveitarstjórnnum sé heimilt að ákveða rekstrarform vatnsveitu og leitast er við að tryggja samræmi við 3. gr. laganna um vatnsveitur í eigu tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Mælt er fyrir um heimild sveitarstjórna til að framselja tímabundið einkarétt sveitarfélags á rekstri vatnsveitu og sölu vatns til stofnunar sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Kveðið er á um heimild eiganda vatnsveitu til að áskilja sér árlega allt að 7% arð af eigin fé veitunnar, samsvarandi og finna má í orkulögum nr. 58/1967 um hitaveitur og rafveitur. Hámarksarðsemiskrafa við sölu á vatni frá einni vatnsveitu til annarrar hækkar úr 5% í 7%. Þá er mælt fyrir um skyldur vatnsveitu gagnvart slökkvistarfi með tilliti til framboðs af vatni og vatnsþrýstingi og heimild til kostnaðarþátttöku notanda í sérstöku tilfellum. Lagt er til að orðið "notkunargjald" komi í stað "aukavatnsgjalds" í gildandi lögum og að heimilt sé að innheimta notkunargjald óháð því hvort notandi greiði jafnframt vatnsgjald. Gert er ráð fyrir því að notkunargjald þetta, ef notað, sé greitt af allri atvinnustarfsemi sem vatns getur notið og að öll notkun vatns til annars en venjulegra heimilisþarfa skuli jafnframt háð notkunargjaldi. Greiðendum notkunargjalds er heimilt að skipta í gjaldflokka og viðmiðun við reglugerð sem ráðherra setur er afnumin. Hámark gjaldskrár miðast þess í stað við almenn sjónarmið um innheimtu þjónustugjalda. Í frumvarpinu er miðað við að daglegur rekstur vatnsveitu sé á ábyrgð stjórnar vatnsveitu í umboði sveitarstjórnar eða þar sem ekki fyrirfinnst stjórn fer sveitarstjórn með ákvörðunarvaldið. Í stað þess að sveitarstjórn setji gjaldskrá vatnsveitu skal gjaldskrá samin af stjórn vatnsveitu sem sendir eigendum hennar gjaldskrána til staðfestingar. Í þessu sambandi skal tekið fram að almenn sjónarmið um álagningu þjónustugjalda þýðir að ekki skuli ákveða í gjaldskrá herra gjald en nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna.

3. gr. laganna kveður á um arðsemiskröfu vatnsveitu sveitarfélaga að hámarki 7%. Umhugsunarvert er hvort þetta hámark gildi fyrir öll félagsform. Ef ekki þá er hætt við því að vatnsveitur geti öðlast óæskilegt svigrúm til skattlagningar. Ennfremur þarf í öllum tilfellum að tryggja úrskurðarvald sveitarstjórna í gjaldskrármálum vatnsveitu. Að öðru leyti verðu ekki annað séð en að frumvarpið skýri fyrst og fremst gildandi lög, auki sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna og einfaldi gjaldtökuheimildir.

Ólafur Briem
Ólafur Briem

Fannborg 2
200 Kópavogur
sími 570 1500
bréfsími 570 1501
<http://www.kopavogur.is>